



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

68. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennara-stofu skólans föstudaginn 23. apríl 1982, og hófst hann kl. 17¹⁰. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, formaður, Áki Gränz (Njarðvík), Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Jón Hólmgeirsson, ritari nefndarinnar og fundarritari, - og einnig Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðar-skólameistari, og Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara. Sá síðastnefndi vék þó af fundi er rædd voru mál er vörðuðu hann sjálfan og kennararáðningar.

Þetta gerðist:

1. Rædd voru drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 1983. Formaður og ritari nefndarinnar höfðu, ásamt Valtý Guðjónssyni, reikningshaldara skólans gert áætlun um önnur rekstrargjöld og launakostnað, annan en kennslulaun - í samráði við skólameistara. Niðurstöðutölur reynast kr. 5.627.716. Er það um 47% hækkun frá áætlun fyrir 1982. Skólameistari lagði fram áætlun varðandi viðhaldskostnað, kr. 225.000 og gjaldfærðan stofnkostnað, alls kr. 2.115.000. Þar af eru 1.400.000 ætlaðar til hönnunar og byggingarframkvæmda vegna vélstjórnarbrautar, og er þá miðað við að ríkissjóður greiði þann stofnkostnað að öllu leyti. Nefndarmenn kynntu sér framlögð gögn og samþykktu þau óbreytt eftir nokkrar umræður. Fram kom þó nokkur uggur um að sumir kostnaðarliðir væru of lágt áætlaðir.
2. Skólameistari flutti skýrslu um heimsókn Iðnfræðsluráðs 21. apríl síðastliðinn. Lýsti hann samsetningu ráðsins og starfssviði. Er það m.a. samning námsskráa í faggreinum á sviði iðnfræðslu, tillögugerð um tækjabúnað við þá kennslu - og eftirlit með framkvæmd kennslunnar. Ráðið er skipað 9 mönnum, 1-2 frá hverjum tilnefningaraðila sem eru Landssamband iðnaðarmanna, ASÍ, samtök iðnrekenda, iðnverkafólks, iðnnema og Samband iðnfræðslu- og tæknimenntaskóla. Skólameistari er fulltrúi síðasttalda tilnefningaraðilans í ráðinu. Formaður Iðnfræðsluráðs, tilnefndur af menntamálaráðherra, er Sigurður Kristinsson, málameistari. Hingað komu 7 ráðsmenn, tveir starfsmenn ráðsins og fulltrúi frá

fræðslumiðstöð iðnaðarins. Gestir þessir snæddu hádegisverð í boði skólanefndar í Iðnsveinahúsinu, en skoðuðu síðan húsnæði skólans við Sunnubraut og á Iðavöllum, einnig tækjabúnað allan. Iðnfræðsluráð hélt síðan 600. fund sinn - sem var eins konar hátíðarfundur - í kennslustofunni í verknámshúsi skólans. Þangað var boðið formanni og varaformanni skólanefndarinnar, aðstoðarskólameistara og verknámskennurum okkar öllum. Að fundinum loknum héldu Iðnaðarmannafélag Suðurnesja. Iðnsveinafélag Suðurnesja og Meistarasamband byggingarmanna gestunum, stjórnendum skólans og áður nefndum skólanefndarmönnum veglegt hóf í Iðnsveinahúsinu.

Að sögð skólameistara tókst vel til, og reynist heimsóknin vonandi giftudrjúg.

3. Kynnt voru, rædd og afgreidd nokkur bréf sem borist hafa formanni skólanefndar og skólameistara. Þau voru :
- a) Bréf frá menntamálaráðuneytinu, dagsett 2. mars 1982, þar sem heimilað er að reka verknámsbraut rafiðna við skólann.
 - b) Bréf frá menntamálaráðuneytinu varðandi kennslu í fatasaumi og tréiðnum í öldungadeild FS. Þar segir að ríkissjóður fallist ekki á að taka þátt í launagreiðslum vegna kennslu í fatasaumi. " Hinsvegar er ráðuneytið tilbúið til að taka þátt í launum Héðins Skarphéðinssonar og Sturlaugs Ólafssonar vegna kennslu í handavinnu tréiðna á vorönn, fáist staðfesting iðnfræðsluráðs á því að nemendur fái námið viðurkennt til styttingar á náms- samningi og verði öllum öðrum ákvæðum um öldungakennslu fullnægt."
 - c) Bréf frá Iðnfræðsluráði til menntamálaráðuneytisins (samrit sent skólameistara), dagsett 13. apríl s.l., þar sem segir m.a. " Iðnfræðsluráð telur að löglega sé að þessari kennslu staðið."
 - d) Bréf til skólanefndar, dagsett 11. mars s.l., frá Sturlaugi Björnssyni og Sturlaugi Ólafssyni þar sem þeir fara fram á styrk til þess að taka þátt í námsferð verkmenntakennara sem nú stunda nám í uppeldis- og kennslufræðum við Kennaraháskólann til Danmerkur í lok maímánaðar 1982. Nauðsynlegt mun talið að ljúka verknámsþættinum við Statens Enhvervspædagogiske Læreruddannelse í Kaupmannahöfn. Heildarkostnaður er áætlaður kr. 8000 á mann. Skólameistari upplýsti með hvaða hætti menntamálaráðuneytið styddi fyrir þeirra 40 kennara sem fara hyggjast. Fram kom að kennarar grunnskólunum í Keflavík og Njarðvík fara einnig. Formanni var falið að afgreiða umsókn þessa í samráði við skólanefndir þeirra grunnskóla þannig að afgreiðsla verði með sama hætti í skólunum þrem.

- e) Bréf til skólanefndar, dagsett 22.2. 1982, frá Magnúsi Heimi Gíslasyni, fyrrverandi kennara við skólann þar sem fram eru bornar umfangsmiklar fjárkröfur í þrem liðum - reistar á þeirri staðhæfingu að skólameistari hafi með "snautlegri framkomu" hrakið Magnús úr starfi og hafi hann "sætt ruddalegri mismunun og orðið að pola óréttmæta og ónauðsynlega uppsögn". Skólanefnd var sammála um að vísa öllum fjárkröfum Magnúsar H Gíslasonar á bug - og jafnframt ásökunum hans á skólameistara. Menntamálaráðuneytið annast ráðningu fastra kennara í samráði við skólanefndir eða fræðsluráð. Skólanefnd FS hefur því í öllum tilvikum fjallað um umsóknir Magnúsar um starf við skólann, og ráðuneytið samþykkt tillögur hennar varðandi ráðningu og stöðuhlutfall hverju sinni. Nefndin fól formanni, Gunnari Sveinsyni, að svara bréfi Magnúsar H Gíslasonar og tilkynna honum niðurstöður skólanefndarinnar.
- f) Bréf til skólameistara frá Sparisjóðnum í Keflavík þess efnis að ekki reynist lengur unnt að veita skólanum "aðstöðu í tölvudeild ... til verklegra æfinga í meðferð tölva og tölvukerfa ... vegna þróunar og breyttra starfshátta í tölvudeild Sparisjóðsins." Jafnframt segir í bréfinu: "Starfsmenn tölvudeildar eru reiðubúnir til ráðgjafar um nýbreytni í tölvumálum skólans, verði þess óskað."
- Nokkrar umræður urðu um bréf þetta. Skólameistari sagði frá tölvusýningu sem haldin var á Akranesi nýlega á vegum fjölbrautaskólans þar - og greindi frá viðtali sínu um þessi mál við Magnús S Magnússon, háskólakennara í Kaupmannahöfn. Aðstoðarskólameistari greindi frá fyrirlestri Jóns Erlendssonar um tölvumál er hann flutti á starfsdögum í marsmánuði (Sjá Önnur mál og fylgiskjal varðandi starfsdagana). Nefndarmenn voru sammála um að mikla varfærni þurfi að viðhafa áður en ákvarðanir eru teknar um tækja kaup. Samþykkt var að ræða við forráðamenn Sparisjóðsins í Keflavík um framvindu þessara mála.
- g) Bréf frá menntamálaráðuneytinu varðandi "deildarstjórn íþróttabrauta í framhaldsskólum". Þar segir fyrst : " Heimilt er að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins að fela kennara við framhaldsskóla, þar sem starfrækt er íþróttabraut samþykkt af ráðuneytinu, deildarstjórn slíkrar brautar." Er síðan frá greint með hvaða hætti slík þóknun skuli vera. Skólameistari vakti athygli á að farist hefur fyrir að sækja um heimild til starfrækslu íþróttabrautarinnar hér. Samþykkt var að senda slíka umsókn hið fyrsta, - enda hefur íþróttabraut undir forystu Guðna Kjartanssonar verið starfrækt um nokkurt skeið með vitund allra aðila er að skólanum standa.

4. Kennararáðningar fyrir næsta starfsár.

Allir settir kennarar við skólann - utan tveir - hafa óskað eftir endurráðningu eða skipun í starf. Þeir tveir sem víst er að frá okkur hverfa eru Árni Hólm sem væntanlega verður skólastjóri Hlíðardalsskóla og Jón Björgvin Hauksson sem hyggst fara til framhaldsnáms og starfa til Bandaríkjanna, - en eftirtaldir starfandi kennarar hafa sent umsóknir um kennarastöðu (24) :

Anna Patricia Aylett
Anna Lea Björnsdóttir
Bergljót Kristjánsdóttir
Gísli Torfason
Guðbjartur Gunnarsson
Guðmundur Bjarni Guðbjörnsson
Guðni Kjartansson
Gunnar Bergmann
Gunnar Jónsson
Gunnar Þórarinnsson
Héðinn Skarphéðinsson
Helgi Eiríksson
Jón Agnar Ármannsson
Jón Arason Valdimarsson
Konráð Ásgrímsson
Magnús Ó Ingvarsson
Maja Loebell
Sigríður Bílddal
Sturlaugur Björnsson
Sturlaugur Ólafsson
Sumarrós Sigurðardóttir
Sævar Reynisson
Þórunn Friðriksdóttir
Ægir Sigurðsson

Að tillögu skólameistara samþykkti skólanefnd einróma svofellda afgreiðslu á umsóknunum :

a) Skólanefnd leggur til að eftirtaldir kennarar verði skipaðir í starf, og felur formanni skólanefndar og skólameistara að rita menntamála-ráðuneytinu bréf þess efnis , og komi þar fram rökstuðningur efnissam-hljóða þeim er fram var settur í umræðum á fundinum:

Konráð Ásgrímsson, Maja Loebell, Sigríður Bílddal, Sturlaugur Björnsson, Sturlaugur Ólafsson, Þórunn Friðriksdóttir og Ægir Sigurðsson

b) Skólanefnd leggur til að eftirtaldir kennarar verði settir til eins árs í fullt starf nema annað stöðuhlutfall sé tilgreint : Anna Lea Björnsdóttir ($\frac{1}{2}$), Bergljót Kristjánsdóttir ($\frac{2}{3}$), Gísli Torfason, Guðbjartur Gunnarsson, Guðmundur Bjarni Guðbjörnsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Bergmann (með sama hætti og nú er), Gunnar Jónsson, Gunnar Þórarinnsson, Héðinn Skarphéðinsson, Helgi Eiríksson, Jón Agnar Ármannsson, Magnús Ó Ingvarsson, Sumarrós Sigurðardóttir og Sævar Reynisson

c) Skólanefnd samþykkir að fresta afgreiðslu á umsóknum Önnu Patriciu Aylett og Jóns A Valdimarssonar. Ástæður eru þær að Anna Patricia er flutt til Reykjavíkur og telur skólanefnd því ekki rétt að setja hana í starf ef völ verður á enskukennara með búsetu á svæðinu og sambærilega eða meiri hæfni, - en óvissa ríkir um nemendafjölda á málmiðnabraut næsta vetur, en auk Jóns kennir þar Sigurður Erlendsson, og er hann skipaður kennari við skólann.

Ljóst er að kennslumagn verður svipað næsta vetur og verið hefur. Mun því vanta kennara í stað Árna Hólm, Jóns B Haukssonar og nokkurra stundakennara sem ekki verða við kennslu hér næsta vetur. Auk þess er æskilegt að minnka yfirvinnu nokkurra kennara - reynist þess kostur. Skólanefnd samþykkir því að fara þess á leit við menntamálaráðuneytið að auglýstar verði kennarastöður við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í íslensku, ensku, latínu, stærðfræði og efnafræði. Tekið verði fram í auglýsingu að æskilegt sé að kennarar geti kennt fleiri námsgreinar en eina.

5. Önnur mál:

a) Skólameistari lagði fram skýrslu um framkvæmd starfsdaga FS, 17.- 19. mars s.l., og reifaði hana. Fram kom í máli hans og annarra að vel hafi til tekist. Skýrslan er fylgiskjal með fundargerð þessari.

b) Skólameistari upplýsti að hann hafi beðið Guðbjart Gunnarsson, kennara, og taka saman upplýsingabækling um skólann á ensku fyrir nemendur sem hyggjast stunda framhaldsnám erlendis. Hefur Guðbjartur lokið því starfi. Samþykkt var að biðja Hannes í Ólafsson að þýða bæklinginn á sænsku, og gefa hann síðan út. Upplýst var að aðrir áfangaskólar sem starfi eftir Námsvísi fjölbrautaskóla hafa áhuga á að gerast aðilar að bæklingnum.

c) Hreinn Ásgrímsson ítrekaði nauðsyn þess að samræma skólatíma í FS og Gagnfræðaskólanum í Keflavík. Var formanni falið að vinna að því að svo verði framvegis.

STARFSDAGAR FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA

dagana 17 - 19 mars 1982

Fyrirlestrar

- | | | | | |
|--|--|----|-----|------|
| 1. <u>Fyrirlestur um barnsfæðingu</u> | Sólveig Þórðardóttir, kennari
og Halldóra Kristjánsd., Ljósmóðir | Fj | 43 | nem. |
| 2. <u>Öryggismál á vinnustöðum</u> | Vigfús Geirdal, Vinnueftirl. ríkis.
Kynnir: Jóhann Geirdal. | " | 50 | " |
| 3. <u>Barnalögin</u> | Þórunn Sigurðardóttir og Höskuldur Baldursson
Kynnir: Þórunn Friðriksdóttir | " | 123 | " |
| 4. <u>Stærðfræðin og tengsl hennar við raungreinar</u> | Próf. Halldór
Elíasson, Kynnir: Magnús Ó. Ingvarsson | " | 38 | " |
| 5. <u>Grænland og nágrannar Íslands</u> | Björn Þorsteinsson, Kynnir Helgi E. | | 37 | " |
| 6. <u>Tilvistarstefnan</u> | Páll Skúlason, Kynnir: Bergljót Kristjánsd. | Fj | 87 | " |
| 7. <u>Tölvur og notkunarmöguleikar þeirra.</u> | Jón Erlendsson Kynnir:
Ingólfur Halldórsson | " | 45 | " |
| 8. <u>Iðnþróun á Suðurnesjum</u> | Þórir Aðalsteinsson Kynnir: Ingólfur
Halldórsson | " | 15 | " |

KVIKMYNDAVIKA

- | | | | | |
|-----------------|--|----|-----|-----|
| mánud. 15.03. | Catch leikstj. Mike Nichols | Fj | 80 | nem |
| þriðjud 16.03. | the Wild Bunch leikstj. Sam Pekinpah | " | 85 | " |
| miðv.d. 17.03 | the Last Picture show leikstj. Peter Bodganov. | " | 73 | " |
| fimmtud. 18.03. | Persona leikstj, Ingmar Bergman | " | 13 | " |
| föstud. 19.03. | Psycho Leikstj. Alfred Hitchcock | " | 102 | " |

Leiklist

- | | | | | |
|--|--|----|----|-----|
| Uppgjörið sýnt í F.S | | Fj | 86 | nem |
| Hús skáldsins í Þjóðleikhúsinu. Umsj: Sæmundur Valdimars. nemi | | " | 9 | " |

Tónlist

Píanótónleikar í Njarðvíkurkirkju

" 8 "

Tónleikar kórs Tónlistarskólans í Njarðvík

" 8 "

FERDIR

9. Kennsluhúsn. Verkfræði og raunvísindadeildar HÍ.

Fj 23 ne

Umsjón: Jón Björgvin Hauksson

10. Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna, Norræna húsið, Þýska bókas.

Umsj: Maja Loebell, Gizur Helgason og Sigrún Þ. " 44 "

11. Söguferð um Reykjaves, (Björn Þorsteinsson) Umsj: Helgi Eiríkss.

" 26

12. Laugarvatn Íþróttaskólinn Umsj: Guðni Kjartansson

" 20 "

13. Háskóli Íslands og Alþingi (Fél 223) Umsj: Þórunn Friðriksd.

" 11 "

14. Kennsluhúsn. Verkfræði og raunvísindadeildar HÍ

Umsj: Jón Björgvin Hauksson

" 26 "

15. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands Umsj: Magnús Ó. Ingvarsson

" 14 "

16. Ríkisútvarpið 3. ferðir 3x7 nemendur Umsj: Chinotti

" 21 "

17. Líffræðistofnun Háskóla Íslands 2. ferðir 2x4 nem. Umsj: Jón

Agnar Ármannsson

" 8 "

18. Háskólabókasafnið (Nám 101) Umsj: Sigriður Bilddal og Jóhann Geird." 35 "

19. Meðferðarstofnanir á Stór-Reykjavíkursvæðinu Umsj: Árni Hólm

" 9 "

20 Fyirtæki og stofnanir tengd byggingariðnaði. Umsj: Sturlaugur

Ólafsson og Héðinn Skarphéðinsson

" 34 "

21. Iðnfyrirtæki og stofnarnir. Umsj: Sigurður Erlendsson

" 27 "

22. Hitaveita Suðurnesja og Alverið. Umsj: Jón Björgvin Hauksson

" 21 "

23. Jarðfræðiferð um Reykjanes (Jar 203). Umsj: Egir Sigurðsson

" 20 "

Tengd starfsvikunni var sýning á verknámshúsinu á Iðavöllum, laugardaginn 20. mars. Þann dag voru þar að starfi allir kennarar og nemendur á verknámsbrautum. Talið er að um 70 manns hafi skoðað verknámsaðstöðu skólans þann dag - einkum aðstandendur nemenda sem nú stunda þar nám.